

119

19. marz

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 24. júní 1956.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytisins, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 975 meðmælendur, en mest 1950.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 160 meðmælendur, en mest 320.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 255 meðmælendur, en mest 510.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 110 meðmælendur, en mest 220.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 19. marz 1956.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

120

27. marz

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Á Kalkofnsvegi.
 2. Á Skólalbrú.
 3. Í Pósthússtræti austan megin götunnar. Enn fremur vestan megin hennar milli Tryggvagötu og Vallarstrætis.
 4. Í Garðastræti milli Vesturgötu og Ránargötu. Þó skulu leyfð stæði fyrir tvær leigubifreiðar vestan megin götunnar.
- Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á Urðarstíg frá Baldursgötu að Njarðargötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 27. marz 1956.

Sigurjón Sigurðsson.